

## TILSKIPUN EVRÓPUPINGSINS OG RÁÐSINS 94/19/EB

frá 30. maí 1994

## um innlánatryggingakerfi

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum fyrsta og þriðja málslið 2. mgr. 57. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina í 189. gr. b í sáttmálanum <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt markmiðum sáttmálans skal stefnt að samræmdri þróun lánastofnana í öllu bandalaginu með því að fjarlægja allar takmarkanir á staðfesturétti og frelsi til að veita þjónustu og auka um leið festu í bankakerfinu og vernda hag sparenda.

Um leið og takmarkanir á starfsemi lánastofnana eru fjarlægðar verður að huga að þeirri stöðu sem getur komið upp ef innlán í lánastofnun, sem hefur útibú í öðrum aðildarríkjum, verður ótiltækt. Nauðsynlegt er að tryggja samræmda lágmarksinnlánstryggingu, óháð því hvar innlánið er í bandalaginu. Slík innlánstrygging er jafnmikilvæg fyrir framgang sameiginlegs bankamarkaðar og varfærnisreglurnar.

Þegar gjaldþrota lánastofnun er lokað verða innstæðueigendur í útibúum í öðrum aðildarríkjum en þar sem lánastofnunin hefur höfuðstöðvar að njóta verndar sama tryggingakerfis og aðrir innstæðueigendur í stofnuninni.

Kostnaður lánastofnana við þátttöku í tryggingakerfi er í engu hlutfalli við kostnaðinn sem hlytist af stóruttekturnum bankainnstæðna, ekki aðeins frá lánastofnun sem á í erfiðleikum heldur einnig frá velstæðum stofnunum, vegna þess að innstæðueigendur myndu missa trúna á stöðugleika bankakerfisins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 163, 30. 6. 1992, bls. 6. og Stjtið. EB nr. C 178, 30. 6. 1993, bls. 14.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 332, 16. 12. 1992, bls. 13.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. C 115, 26. 4. 1993, bls. 96 og ákvörðun Evrópupingsins frá 9. mars 1994 (Stjtið. EB nr. C 91, 28. 3. 1994).

Aðgerðir aðildarríkjanna í framhaldi af tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 87/63/EBE frá 22. desember 1986 um að komið verði á innlánatryggingakerfi innan bandalagsins <sup>(4)</sup> hafa ekki enn skilað tilætluðum árangri. Þetta gæti hindrað góðan framgang innri markaðarins.

Í annarri tilskipun ráðsins 89/646/EBE frá 15. desember 1989 um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um stofnun og rekstur lánastofnana og um breytingu á tilskipun 77/780/EBE <sup>(5)</sup> eru settar reglur um allsherjarleyfi fyrir lánastofnanir og eftirlit með þeim af hálfu yfirvalda í heimaríki þeirra; þessar reglur öðluðust gildi 1. janúar 1993.

Útibú þarf ekki lengur að fá leyfi í gistiríki, því allsherjarleyfið gildir alls staðar í bandalaginu, og lögbær yfirvöld í heimaríkinu fylgjast með gjaldhæfi þess. Þetta skipulag leyfir að eitt tryggingakerfi nái yfir öll útibú lánastofnunar innan bandalagsins. Þetta kerfi verður að vera það kerfi sem gildir fyrir hlutaðeigandi flokk lánastofnana í heimaríki viðkomandi lánastofnunar, ekki síst vegna þeirra tengsla sem eru á milli eftirlits með gjaldhæfi útibús og aðildar þess að innlánatryggingakerfi.

Samræmingin ætti að einskorðast við höfuðatriði innlána-tryggingakerfanna og í henni þarf að felast að unnt verði að inna tryggingagreiðslu af hendi með örskömmum fyrirvara, útreiknaða eftir samræmdri lágmarksviðmiðun.

Innlánatryggingakerfin verða að koma til skjalanna um leið og innlán verða ótiltæk.

Rétt er að þau innlán sem lánastofnanir stofna til í eigin þágu og fyrir eigin reikning séu undanskilin tryggingu. Þetta ætti ekki að hafa nein áhrif á þann rétt sem tryggingakerfið hefur til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að bjarga lánastofnun er á í erfiðleikum.

Samræming innlánakerfa innan bandalagsins dregur í sjálfu sér ekki úr gildi núverandi kerfa sem eiga að verja lánastofnanir, einkum gjaldhæfi þeirra og lausafjárstöðu, til að koma

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 33, 4. 2. 1987, bls. 16.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB nr. L 386, 30. 12. 1989, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/30/EBE (Stjtið. EB nr. L 110, 28. 4. 1992, bls. 52).

í veg fyrir að innlán í hlutaðeigandi stofnunum, meðal annars útibúum sem þar hafa sett á stofn í öðru aðildarríki, verði ótíltæk. Þessi kerfi, sem miðast við vernd af öðru tagi, gætu með vissum skilyrðum talist að mati lögbærra yfirvalda uppfylla markmið þessarar tilskipunar. Lögbær yfirvöld munu þá gæta þess að skilyrðunum verði fullnægt.

Sum aðildarríki hafa innlánatryggingakerfi sem eru á ábyrgð fagsamtaka, í öðrum aðildarríkjum eru kerfi stofnsett og starfrækt samkvæmt lögum, og loks eru til kerfi sem eru að hluta til bundin af lögum — enda þótt þau hafa verið innleidd með samningi. Þessi ólíka staða kerfanna veldur aðeins vandræðum varðandi skylduáðild eða útilokun frá kerfum. Það þarf því að setja reglur sem takmarka vald kerfanna á þessu sviði.

Ef í bandalaginu verða kerfi sem bjóða innlánatryggingu umfram hið samræmda lágmark getur það leitt til þess að innan sama svæðis verði tryggingar mismunandi og samkeppnis skilyrði ólík hjá innlendum lánastofnunum annars vegar og útibúum stofnana með höfuðstöðvar í öðrum aðildarríkjum hins vegar. Til að vega upp þessa ókosti þurfa útibú að hafa heimild til að tengjast tryggingakerfum gistiríkisins svo að þau geti boðið innstæðueigendum sömu tryggingu og tryggingakerfi í löndunum þar sem útibúin eru. Framkvæmdastjórnin ætti innan fárra ára að leggja fram skýrslu um það hversu mörg útibú hafa nýtt sér þennan möguleika og um þá erfiðleika sem þau eða tryggingakerfin kunna að hafa lent í við framkvæmd þessara ákvæða. Þá er ekki loku fyrir það skotið að kerfi í heimaríkinu geti sjálf veitt þessa viðbótartryggingu í samræmi við setta skilmála.

Það getur leitt til markaðsröskunar ef útibú lánastofnana bjóða hærri tryggingu en lánastofnanir sem hafa fengið leyfi í gistiríkinu. Það er ekki heppilegt að umfang tryggingar af hálfu tryggingakerfa sé notað sem samkeppnismeðal. Því er nauðsynlegt, að minnsta kosti í fyrstu, að ákveða að trygging sem kerfi í heimaríkinu veitir innstæðueigendum í útibúum í öðru aðildarríki verði ekki meiri en tryggingin sem samsvarandi kerfi í gistiríkinu býður. Eftir fáein ár verður að meta hugsanleg raskandi áhrif á markaðinn með hlíðsjón af fenginni reynslu og þróun í bankakerfinu.

Samkvæmt tilskipuninni er það regla að allar lánastofnanir skuli tengjast innlánatryggingakerfi. Tilskipunir um rekstrarleyfi lánastofnana með höfuðstöðvar utan bandalagsins, einkum fyrsta tilskipun ráðsins (77/780/EBE) frá 12. desember 1977 um samræmingu á lögum og stjórnábyrgðum

um stofnun og rekstur lánastofnana <sup>(1)</sup>, gefa aðildarríkjum kost á að ákveða hvort og með hvaða skilmálum útibú slíkra lánastofnana fái leyfi til reksturs á yfirráðasvæði þeirra. Þessi útibú njóta ekki annarrar málsgreinar 59. gr. sáttmálans um frjáls þjónustuviðskipti og ekki heldur ákvæða um athafnafrelsi í öðrum aðildarríkjum en þar sem þau hafa staðfestu. Aðildarríki sem veitir slíkum útibúum rekstrarleyfi á því að geta ákveðið með hvaða hætti ákvæði þessarar tilskipunar taka til hlutaðeigandi útibúa í samræmi við 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 77/780/EBE, með vernd innstæðueigenda og heilbrigði fjármálakerfisins í huga. Það er mjög mikilvægt að innstæðueigendur í slíkum útibúum hafi fulla vitneskju um gildandi tryggingakerfi.

Lágmarkstryggingin samkvæmt þessari tilskipun má ekki leiða til þess að of stór hluti innlána verði óvarinn, sem snertir bæði neytendavernd og stöðugleika fjármálakerfisins. Þó er ekki viturlagt að festa ákveðið tryggingarstig í öllu bandalaginu, því það gæti í vissum tilvikum hvatt til óábyrgrar stjórnunar lánastofnana. Taka verður tillit til kostnaðar við að fjármagna kerfin. Það virðist hæfilegt að samræmda lágmarkstryggingin sé 20 000 ECU. Það kann að vera þörf fyrir afmarkað fyrirkomulag til bráðabirgða svo að kerfin fái tækifæri til að fullnægja þessum kröfum.

Sum aðildarríki veita innstæðueigendum meiri tryggingu fyrir innlán þeirra en gert er ráð fyrir með samræmda lágmarkinu í þessari tilskipun. Ekki væri rétt að fara fram á að þessum kerfum, sem sum hver voru nýlega tekin upp í samræmi við tilmæli 87/63/EBE, verði breytt að þessu leyti.

Telji aðildarríki að vissir flokka innlána eða innstæðueigenda, sem eru skilmerkilega tilgreindir í skrá, hafi ekki þörf fyrir sérstaka tryggingu, á það að geta undanskilið þá flokka frá innlánatryggingakerfunum.

Í því skyni að hvetja innstæðueigendur til að huga vel að traustleika lánastofnana eru ótíltæk innlán ekki greidd að fullu út í sumum aðildarríkjunum. Þetta ber að takmarka að því er innlán neðan samræmdrar lágmarkstryggingar varðar.

Meginreglan um samræmda lágmarkstryggingu fyrir innstæðueigenda en ekki fyrir innlán er lögð til grundvallar. Hér verður að huga að innlánnum innstæðueigenda sem eru annaðhvort ekki tilgreindir sem reikningseigendur eða eiga reikning ekki einir. Lágmarkstryggingin verður að koma hverjum einstökum þekktanlegum innstæðueiganda til góða. Þetta á þó ekki við um fyrirtæki um sameiginlega

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. L 332, 17. 12. 1977, bls. 30. Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun 89/646/EBE (Stjútíð. EB nr. L 386, 30. 12. 1989, bls. 1).

fjárfestingu er lúta og eru varin með sérstökum reglum sem gilda ekki um ofangreind innlán.

Upplýsingaskylda er hagsmunum innstæðueigenda mjög mikilvæg og því verður einnig að setja lágmarksreglur um hana. Þó kann óheft tilvísun til tryggingar innlánatryggingakerfis í auglýsingaskyni að hafa áhrif á stöðugleika bankakerfisins og traust innstæðueigenda. Aðildarríkin þurfa því að setja reglur sem takmarka slíkar tilvísanir.

Í einstökum tilvikum þar sem ekki finnast nein innlána-tryggingakerfi fyrir vissa flokka lánastofnana, er taka aðeins við innlánunum í óverulegum mæli, getur stundum tekið lengri tíma að koma slíku kerfi á en fresturinn til að taka tilskipunina upp í landslög leyfir. Í slíkum tilvikum getur bráðabirgðaundanþága frá aðild að innlánatryggingakerfi verið réttlætunleg. Ef hlutaðeigandi lánastofnanir stunda rekstur erlendis geta aðildarríkin þó krafist þess að þær gerist aðilar að einhverju innlánatryggingakerfi sem þau hafa sett upp.

Það er ekki bráðnauðsynlegt í þessari tilskipun að samræma leiðirnar við fjármögnun kerfa sem tryggja innlánin eða lánastofnanirnar sjálfar, meðal annars vegna þess að lánastofnanirnar skulu sjálfar almennt bera kostnaðinn við fjármögnun slíkra kerfa og einnig vegna þess að fjárhagsleg geta kerfanna skal vera í samræmi við tryggingaskuldbindingarnar. Þetta má samt ekki stefna stöðugleika bankakerfis aðildarríkisins í hættu.

Tilskipun þessi getur ekki gert aðildarríkin eða lögbær yfirvöld þeirra ábyrg gagnvart innstæðueigendum ef þau hafa séð til þess að koma á einu eða fleiri kerfum viðurkenndum af stjórnvöldum sem ábyrgjast innlán eða lánastofnanirnar sjálfar og tryggja að innstæðueigendur fái bætur og tryggingu í samræmi við skilmálana í þessari tilskipun.

Innlánatrygging er mikilvæg fyrir framgang innri markaðarins og nauðsynleg viðbót við eftirlitskerfi lánastofnana vegna þess að hún veitir öryggi meðal stofnana á tilteknum fjármagnsmarkaði ef einhver þeirra reynist ekki geta staðið við skuldbindingar sínar.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### *I. gr.*

Í tilskipun þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „*innlán*“: innstæða sem er tilkomin vegna innláns eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi og

lánastofnun ber að endurgreiða með skilmálum er gilda samkvæmt lögum eða samningum, svo og kröfur útgefna af lánastofnun í formi verðbréfa.

Hlutir í byggingarfélagum í Breska konungsríkinu og á Írlandi, að undanskildum hlutum með eðli eigin fjár samkvæmt 2. gr., teljast innlán.

Skuldabréf, er uppfylla skilmálana í 4. mgr. 22. gr. tilskipunar ráðsins 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum <sup>(1)</sup>, teljast ekki innlán.

Aðildarríkin skulu við útreikning á innstæðu styðjast við þær reglur og forskriftir fyrir skuldajöfnuð og gagnkröfur er felast í skilmálum um innlán samkvæmt lögum eða samningum.

2. „*samreikningur*“: reikningur sem er opnaður í nafni tveggja eða fleiri persóna eða tvær eða fleiri persónur hafa aðgang að, þannig að ein eða fleiri hlutaðeigandi persóna geta ráðstafað honum með undirskrift sinni.
3. „*ótiltækt innlán*“: innlán sem er gjaldfallið til útborgunar en ógreitt af lánastofnun samkvæmt settum skilmálum í samræmi við lög eða samninga, og ef:
  - i) lögbær yfirvöld hafa metið það svo að viðkomandi lánastofnun sé að þeirra dómi að sinni ekki fær um að endurgreiða innlánið af ástæðum er tengjast beint fjárhagslegri stöðu hennar og verði það ekki í náinni framtíð.
  - ii) dómstóll hefur af ástæðum er tengjast beint fjárhagslegri stöðu lánastofnunarinnar kveðið upp úrskurð sem skerðir möguleika innstæðueiganda til að leggja fram kröfu á hendur henni, ef úrskurðurinn er kveðinn upp áður en ofangreint mat fer fram.
4. „*lánastofnun*“: fyrirtæki með starfsemi er felst í því að

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. L 375, 31. 12. 1985, bls. 3. Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun 89/220/EBE (Stjútíð. EB nr. L 100, 19. 4. 1988, bls. 31).

skal endurgreiða, og veita lán fyrir eigin reikning.

5. „útibú“: deild sem að lögum er hluti af lánastofnun og annast beint að nokkru eða öllu leyti þá starfsemi sem fram fer hjá lánastofnunum; allar þær deildir sem er komið á fót í einu og sama aðildarríki á vegum lánastofnunar með höfuðstöðvar í öðru aðildarríki ber að telja sem eitt útibú.

## 2. gr.

Eftirfarandi telst ekki til innlána sem má endurgreiða í gegnum tryggingakerfi:

- innlán af hálfu annarra lánastofnana í eigin þágu og fyrir eigin reikning, sbr. þó 3. mgr. 8. gr.,
- allir pappírar sem falla undir skilgreininguna á „eigin fé“ í 2. gr. tilskipunar ráðsins 89/299/EBE frá 17. apríl 1989 um eigið fé lánastofnana <sup>(1)</sup>,
- innlán sem má rekja til viðskipta er tengjast refsíðómum fyrir peningþvott samkvæmt 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/308/EBE frá 10. júní 1991 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningþvottar <sup>(2)</sup>.

## 3. gr.

1. Sérhvert aðildarríki skal tryggja að á yfirlýðingum þess sé komið á einu eða fleiri innlánatryggingakerfum sem eru viðurkennd af stjórnvöldum. Að undanskildum þeim tilvikum sem segir í annarri undirgrein og í 4. mgr. má engin lánastofnun með leyfi í viðkomandi aðildarríki samkvæmt 3. gr. tilskipunar 77/780/EBE taka við innlánum nema hún sé aðili að slíku kerfi.

Aðildarríki má þó veita lánastofnun undanþágu frá þeirri skyldu að tengjast innlánatryggingakerfi ef stofnunin tengist kerfi sem ver hana sjálfa og tryggir gjaldhæfi hennar og lausafjárstöðu, þannig að innstæðueigendur eigi vísa tryggingu sem er ekki síðri en sú trygging sem innlánatryggingakerfið veitir, og fullnægir að dómi lögbærra yfirvalda eftirfarandi skilyrðum:

- kerfið er til og viðurkennt af stjórnvöldum á þeim tíma sem tilskipun þessi er samþykkt,
- kerfið er rekið með það að markmiði að koma í veg fyrir að innlán í lánastofnunum innan kerfisins verði ótíltæk, og það er nægilega öflugt til að hindra það,

<sup>(1)</sup> Stjtuð. EB nr. L 124, 5. 5. 1989, bls. 16. Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun 92/16/EBE (Stjtuð. EB nr. L 75, 21. 3. 1992, bls. 48).

<sup>(2)</sup> Stjtuð. EB nr. L 166, 28. 6. 1991, bls. 77.

- kerfið má ekki felast í tryggingu sem aðildarríkin sjálf eða héraðs- og sveitarstjórnir veita lánastofnun,

- samkvæmt kerfinu fá innstæðueigendur upplýsingar eins og segir í 9. gr.

Aðildarríki sem nýta sér þennan kost skulu greina framkvæmdastjórninni frá því; þau skulu skýra frá því í hverju tryggingakerfin felist, hvaða lánastofnanir séu innan þeirra og frá öllum breytingum sem verða á innsendum upplýsingum. Framkvæmdastjórnin sendir ráðgjafarnefndinni um bankamál greinargerð um þessi efni.

2. Ef lánastofnun uppfyllir ekki skyldur sínar sem aðili að innlánatryggingakerfi skal lögbærum yfirvöldum er veittu leyfið skýrt frá því og skulu þau ásamt tryggingakerfinu gera allar viðeigandi ráðstafanir, refsiaðgerðir hér með taldar, til að tryggja að lánastofnunin uppfylli skyldur sínar.

3. Ef þessar ráðstafanir duga ekki til þess að lánastofnunin uppfylli skyldur sínar getur innlánatryggingakerfið, svo fremi útilokun sé leyfileg samkvæmt landslögum, með skýru samþykki lögbærra yfirvalda og minnst tólf mánaða fyrirvara, tilkynnt að það hafi í hyggju að útiloka lánastofnunina frá aðild að kerfinu. Innlán sem stofnað er til áður en fresturinn rennur út verða áfram tryggð að fullu af kerfinu. Ef lánastofnunin hefur ekki uppfyllt skyldur sínar þegar fresturinn rennur út getur tryggingakerfið, aftur með skýru samþykki lögbærra yfirvalda, látið útilokunina koma til framkvæmda.

4. Ef landslög heimila það, og ef lögbær yfirvöld sem gáfu leyfið út hafa veitt skýrt samþykki sitt, getur lánastofnun sem er útilokuð frá aðild að innlánatryggingakerfi haldið áfram að taka á móti innlánum, svo fremi hún hafi fyrir útilokunina gert aðrar ráðstafanir til innlánatrygginga sem tryggja innstæðueigendum vernd sem er að minnsta kosti jafnmikil og trygging hins viðurkennda kerfis.

5. Ef lánastofnun sem lagt er til að verði útilokuð í samræmi við 3. mgr. getur ekki gert aðrar ráðstafanir til að uppfylla skilyrðin í 4. mgr. draga lögbær yfirvöld þegar í stað til baka leyfið sem þau veitti henni.

## 4. gr.

1. Innlánatryggingakerfi sem eru stofnsett og viðurkennd af stjórnvöldum í aðildarríki samkvæmt 1. mgr. 3. gr. skulu ná til innstæðueigenda í útibúum er lánastofnanir hafa komið sér upp í öðrum aðildarríkjum.

Fram til 31. desember 1999 má veitt trygging hvorki vera hærri né víðtækari, meðal annars hvað prósentuhlutfall snertir, en sú hámarkstrygging sem er veitt af tilsvandri

tryggingakerfi á yfirráðasvæði gistiríkisins.

5. gr.

Fyrir þann dag skal framkvæmdastjórnin semja skýrslu á grundvelli fenginnar reynslu af beitingu annarrar undirgreinar og meta hvort þörf sé á því að halda þessu fyrirkomulagi áfram. Ef við á skal framkvæmdastjórnin leggja tillögu að tilskipun fyrir Evrópuþingið og ráðið um lengri gildistíma þessa fyrirkomulags.

2. Ef tryggingin í tryggingakerfi gistiríkisins verður hærri og víðtækari, meðal annars hvað prósentuhlutfall varðar, en sú trygging sem er veitt í aðildarríkinu þar sem lánastofnunin hefur fengið leyfi skal gistiríkið sjá til þess að á yfirráðasvæði þess sé viðurkennt innlánatryggingakerfi sem útibú getur tengst að eigin vild til uppbótar þeirri tryggingu sem innstæðueigendur hennar njóta þegar vegna aðildar útibúsins að kerfi heimaríkisins.

Kerfið sem útibúið tengist skal tryggja þann flokk stofnana sem útibúið tilheyrir eða stendur honum næst í gistiríkinu.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að settir séu hlutlausir og almennir skilmálar um aðild útibúa að kerfi í gistiríkinu í samræmi við 2. mgr. Útibú getur aðeins gerst aðili ef það uppfyllir viðeigandi skyldur um aðild, þar á meðal varðandi allar greiðslur á framlögum og öðrum gjöldum. Aðildarríkin skulu við framkvæmd þessarar málsgreinar fylgja meginatriðunum í II. viðauka.

4. Ef útibú, sem hefur að eigin vild tengst tryggingakerfi, sbr. 2. mgr., uppfyllir ekki þær skyldur er það hefur sem aðili að innlánatryggingakerfinu skal lögbærum yfirvöldum er gáfu út leyfið skýrt frá því og skulu þau í samvinnu við tryggingakerfið gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að ofangreindar skyldur séu uppfylltar.

Ef þessar ráðstafanir duga ekki til þess að útibúið uppfylli ofanefndar skyldur getur innlánatryggingakerfið, að liðnum minnst tólf mánaða fyrirvara og með samþykki lögbærra yfirvalda er veittu leyfið, útilokað útibúið frá kerfinu. Innlán sem stofnað er til fyrir þann dag sem útilokunin kemur til framkvæmda eru tryggð áfram af hinu fríviljuga kerfi þar til þau gjaldfalla. Innstæðueigendum skal greint frá því að uppbótartryggingin sé fallin niður.

5. Framkvæmdastjórnin leggur eigi síðar en 31. desember 1999 fram skýrslu um reynsluna af 2., 3. og 4. mgr. og gerir breytingartillögur eftir því sem við á.

Innlán sem standa inni þegar leyfi til lánastofnunar, sem fékk leyfi samkvæmt 3. gr. tilskipunar 77/780/EBE, er afturkallað eru tryggð áfram af tryggingakerfinu.

6. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að útibú, sem eru stofnuð af lánastofnunum með höfuðstöðvar utan bandalagsins, séu tryggð á þann hátt sem segir í þessari tilskipun.

Ef svo er ekki geta aðildarríkin ákveðið að útibú, sem eru stofnuð af lánastofnunum með höfuðstöðvar utan bandalagsins, tengist starfandi innlánatryggingakerfi á yfirráðasvæði þeirra, sbr. þó 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 77/780/EBE.

2. Núverandi og væntanlegir innstæðueigendur í útibúum, sem eru stofnuð af lánastofnunum með höfuðstöðvar utan bandalagsins, skulu fá frá lánastofnuninni allar viðeigandi upplýsingar um þau tryggingakerfi sem tryggja innlán þeirra.

3. Upplýsingarnar í 2. mgr. skulu liggja fyrir á hinu opinbera eða opinberu tungumálum aðildarríkisins þar sem útibúið er, á þann hátt sem landslög mæla fyrir um og á skýru og skiljanlegu máli.

7. gr.

1. Innlánatryggingakerfin tryggja að samanlögð innlán hvers innstæðueiganda séu tryggð upp að 20 000 ECU ef innlánin verða ótíltæk.

Fram til 31. desember 1999 mega aðildarríki, þar sem innlán á þeim tíma sem tilskipunin er samþykkt eru ekki tryggð upp að 20 000 ECU, halda sig við þá hámarksfjárhæð sem er ákveðin í tryggingakerfum þeirra, enda sé sú fjárhæð minnst 15 000 ECU.

2. Aðildarríkin geta ákveðið að vissir innstæðueigendur eða viss innlánsform séu undanskilin tryggingakerfinu eða hin tryggða fjárhæð lægri. Skrá yfir þessi frávik er í I. viðauka.

3. Þessi grein kemur ekki í veg fyrir að gömul ákvæði séu látin standa eða ný samþykkt sem fela í sér hærri eða víðtækari innlánatryggingu. Því innlánatryggingakerfi geta af félagslegum ástæðum tryggt viss innlánsform að fullu.

4. Aðildarríkin geta takmarkað tryggingafjárhæðina í 1. mgr. eða þá sem um getur í 3. mgr. við ákvæðið prósentuhlutfall af innlánnum. Tryggða prósentuhlutfallið skal þó vera minnst 90% af heildarinnlánunum þar til tryggingafjárhæðin sem greiða skal nær fjárhæðinni í 1. mgr.

5. Framkvæmdastjórnin endurskoðar reglulega og minnst fimmta hvert ár fjárhæðina í 1. mgr. Ef við á skal framkvæmdastjórnin leggja tillögu að tilskipun fyrir Evrópuþingið og ráðið um að breyta fjárhæðinni í 1. mgr. í samræmi við þróunina í bankakerfinu og efnahagslegt og peningalegt ástand í bandalaginu. Fyrsta endurskoðunin skal ekki fara fram fyrr en fimm árum frá lokum tímabilsins sem um getur í 1. mgr. 7. gr.

6. Aðildarríkin skulu sjá til þess að réttur innstæðueiganda til bóta feli í sér að innstæðueigandi hafi möguleika á að kæra innlánatryggingakerfið.

*8. gr.*

1. Mörkin sem um getur í 1., 3. og 4. mgr. 7. gr. gilda um samanlögð innlán í einu og sömu lánastofnun, óháð fjölda innlána, gjaldmiðli eða staðsetningu innan bandalagsins.

2. Hlutur hvers innstæðueiganda á samreikningi gildir við útreikning á mörkunum sem um getur í 1., 3. og 4. mgr. 7. gr.

Ef ekki eru til sérstök ákvæði hér um skiptist innstæðan á reikningnum jafnt milli innstæðueigenda.

Aðildarríkin geta ákveðið að innlán á reikningi, sem tveir eða fleiri hafa aðgang að sem þátttakendur í sameignarfélagi, samtökum eða samfloti sem hefur ekki stöðu lögpersónu megi, með tilliti til útreiknings á mörkunum í 1., 3. og 4. mgr. 7. gr., leggja saman og meðhöndla eins og einn innstæðueigandi hafi stofnað til þeirra.

3. Ef innstæðueigandi hefur ekki ótvíræðan rétt til innstæðna á reikningi skal sá sem hefur ótvíræðan rétt til þeirra vera tryggður af innlánatryggingakerfinu, að því gefnu að hlutaðeigandi finnist eða unnt sé finna hann fyrir þann dag sem lögbær yfirvöld láta fara fram mat samkvæmt i-lið 3. mgr. 1. gr. eða dómstóll fellir úrskurð samkvæmt ii-lið 3. mgr. 1. gr. Ef fleiri en einn eiga ótvíræðan rétt til innstæðna skal hlutur hvers þeirra, með hliðsjón af þeim kerfum er gilda um umsjón fjárhæðanna, tekinn til greina við útreikning á mörkunum í 1., 3. og 4. mgr. 7. gr.

Þessi málsgrein gildir ekki um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu.

*9. gr.*

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að lánastofnanir veiti núverandi og væntanlegum innstæðueigendum sínum nauðsynlegar upplýsingar um það hvaða innlánatryggingakerfi lánastofnun og útibú hennar innan bandalagsins tengist, eða um það hvaða önnur kerfi fyrirfinnist, sbr. aðra undirgrein 1. mgr. 3. gr. eða 4. mgr. 3. gr. Innstæðueigendur skulu upplýstir um ákvæði varðandi innlánatryggingakerfið, meðal annars um það hversu há og víðtæk tryggingin sé, eða um ákvæði varðandi hugsanlegt annað kerfi. Þessar upplýsingar skulu samdar á auðskiljanlegu máli.

Ef farið er fram á það skal einnig veita upplýsingar um skilmála og formsatriði í tengslum við greiðslu tryggingafjárhæðar.

2. Upplýsingarnar í 1. mgr. skulu samdar á þann hátt sem landslög mæla fyrir um, á hinu opinbera eða opinberu tungumálum aðildarríkisins þar sem útibúið er.

3. Aðildarríkin skulu setja reglur sem takmarka notkun í auglýsingaskyni á upplýsingunum er um getur í 1. mgr., til að koma í veg fyrir að slík notkun hafi áhrif á stöðugleika bankakerfisins eða traust innstæðueigenda. Einkum geta aðildarríkin takmarkað slíkar auglýsingar við beinar vísanir til þess kerfis sem lánastofnunin er aðili að.

*10. gr.*

1. Tryggingakerfin þurfa að geta fullnægt réttmætum kröfum innstæðueigenda varðandi ótiltæk innlán eigi síðar en þremur mánuðum frá þeim degi sem lögbær yfirvöld láta fara fram mat samkvæmt i-lið 3. mgr. 1. gr. eða dómstóll fellir úrskurð samkvæmt ii-lið 3. mgr. 1. gr.

2. Við vissar aðstæður og í undantekningartilvikum getur tryggingakerfi sótt um lengri frest til lögbærra yfirvalda. Slíkur frestur má ekki vera lengri en þrjú mánuðir. Lögbær yfirvöld geta, að fenginni umsókn frá tryggingakerfinu, framlengt frestinn í mesta lagi tvisvar til viðbótar og í hvort sinn um þrjú mánuði í hæsta lagi.

3. Tryggingakerfið getur ekki með tilvísun til nefnds frests í 1. og 2. mgr. neitað að greiða út tryggingafjárhæð til innstæðueiganda sem gat ekki í tíma haldið fram kröfu um að fá tryggingafjárhæðina greidda.

4. Upplýsingar um skilmála og formsatriði sem þarf að uppfylla til að fá greiðslu í samræmi við trygginguna í 1. mgr. skulu samdar á þann hátt sem landslög segja á opinberu eða opinberum tungumálum í aðildarríkinu þar sem tryggðá innlánið er.

5. Þrátt fyrir frestinn í 1. og 2. mgr. má draga greiðslu samkvæmt tryggingakerfinu þar til dómsúrskurður liggur fyrir ef innstæðueigandi eða persóna sem hefur rétt til eða áhuga á fjárhæð á reikningi hefur hlotið ákæru fyrir lögbrot í tengslum við peningþvott samkvæmt 1. gr. tilskipunar 91/308/EBE.

*11. gr.*

Við greiðslur samkvæmt tryggingakerfinu hefur tryggingakerfið rétt til að ganga inn í kröfuréttindi innstæðueiganda við skiptameðferð sem svarar til fjárhæðarinnar sem greidd er, án þess að þetta hafi að öðru leyti áhrif á þau réttindi sem kerfið kann að hafa samkvæmt landslögum.

*12. gr.*

Þrátt fyrir 3. gr. eru viðurkenndar lánastofnanir á Spáni eða í Grikklandi, sem eru taldar upp í III. viðauka, undanþegnar þeirri skyldu að tengjast innlánatryggingakerfi fram til 31. desember 1999.

Þessar lánastofnanir skulu skilmerkilega upplýsa núverandi og væntanlega innstæðueigendur sína um að þær séu ekki aðilar að neinu innlánatryggingakerfi.

Ef þessar lánastofnanir stofna eða hafa stofnað útibú á þessum tíma í öðru aðildarríki getur það aðildarríki krafist þess að viðkomandi útibú tengist innlánatryggingakerfi á yfirráðasvæði þess samkvæmt þeim skilmálum sem segir í 2., 3. og 4. mgr. 4. gr.

*13. gr.*

Framkvæmdastjórnin skal á listanum yfir viðurkenndar lánastofnanir, sem hún gerir í samræmi við 7. mgr. 3. gr. tilskipunar 77/780/EBE, tilgreina stöðu hvernar lánastofnunar með hliðsjón af þessari tilskipun.

*14. gr.*

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. júlí 1995. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja lög þessi og stjórnisýslufyrirmæli skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum er samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*15. gr.*

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*.

*16. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. maí 1994.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*  
E. KLEPSCH  
*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*  
G. ROMEOS  
*forseti.*

## I. VIDAUKI

**Innlán sem má undanskilja samkvæmt 2. mgr. 7. gr.**

1. Innlán frá fjármálastofnunum, sbr. 6. mgr. 1. gr. í tilskipun 89/646/EBE.
2. Innlán frá tryggingafyrirtækjum.
3. Innlán frá ríkinu.
4. Innlán frá bæjar- og sveitarfélögum eða héraðsstjórnnum.
5. Innlán frá fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu.
6. Innlán frá lífeyris- og eftirlaunasjóðum.
7. Innlán frá eigin forstjórum eða framkvæmdastjórum og öðrum stjórnendum lánastofnunar, frá félagsmönnum sem eru persónulega ábyrgir, frá eigendum minnst 5% af eigin fé lánastofnunar, frá persónum sem bera ábyrgð á löglegri endurskoðun reikninga lánastofnunar, og frá innstæðueigendum með svipaða stöðu í öðrum félögum í sömu samsteypu.
8. Innlán frá nánum skyldmönnum og þriðja aðila sem kemur fram fyrir hönd innstæðueigenda í lið 7.
9. Innlán frá öðrum félögum í sömu samsteypu.
10. Innlán sem eru ekki skráð á nafn.
11. Innlán sem innstæðueigandi hefur persónulega fengið vexti af eða annan fjárhagslegan ávinning sem hefur átt þátt í að rýra fjárhagsstöðu lánastofnunarinnar.
12. Skuldabréf útgefin af lánastofnuninni og skuldbindingar sem varða eigin víxla og skuldaviðurkenningar.
13. Innlán í öðrum gjaldmiðlum, nema:
  - gjaldmiðlum aðildarríkja,
  - ECU.
14. Innlán frá félögum sem eru af þeirri stærð að þeim er ekki heimilt að semja stytta efnahagsreikning samkvæmt 11. gr. fjórðu tilskipunar ráðsins (78/660/EBE) frá 25. júlí 1978 sem er byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans, um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð <sup>(1)</sup>.

---

<sup>(1)</sup> Stjútíð. EB nr. L 222, 14. 8. 1978, bls. 11. Tilskipunin eins og henni var síðast breytt með tilskipun 90/605/EBE (Stjútíð. EB nr. L 317, 16. 11. 1990, bls. 60).

*II. VIÐAUKI***Meginatriði til hliðsjónar**

Sæki útibú um aðild að tryggingakerfi gistirkis, setur kerfi gistirkisins tvíhliða ásamt kerfi heimaríkisins við-eigandi verklagsreglur um greiðslur bóta til innstæðueigenda í því útibúi. Eftirfarandi meginatriði snerta bæði setningu þessara verklagsreglna og skilyrði fyrir aðild útibúsins (sbr. 2. mgr. 4. gr.).

- a) kerfi gistirkisins hefur áfram fullan rétt til að beita almennum og hefðbundnum reglum sínum gagnvart aðildarlánastofnunum; það hefur rétt til að krefja stofnanirnar um viðeigandi upplýsingar og bera þær saman við upplýsingar hjá þar til bærum yfirvöldum í heimaríkinu;
- b) kerfi gistirkisins verður við kröfum um viðbótarbætur ef fyrir liggur yfirlýsing frá lögbærum yfirvöldum heimaríkisins um að innlán sé ótíltækt. Kerfi gistirkisins hefur áfram ótakmarkaðan rétt til að ganga úr skugga um, í samræmi við eigin verklagsreglur, hvort innstæðueigandi hafi rétt til viðbótarbóta áður en til greiðslu kemur;
- c) kerfi heimaríkis og gistirkis hafa náð samstarf sín á milli til að tryggja að innstæðueigendur fái bætur sínar fljótt og örugglega. Þau skulu einkum semja um hvaða áhrif gagnkrafa, sem gæti gefið tilefni til skuldajafnaðar hjá öðru hvoru kerfinu, hafi á bætur sem innstæðueigandanum eru greiddar samkvæmt öðru kerfinu;
- d) kerfi gistirkisins hefur rétt til þess að láta útibúin greiða framlag vegna bótagreiðslna og skal í því sambandi miðað við þá tryggingu sem kerfi heimaríkisins veitir. Til að auðvelda innheimtu slíks framlags hefur kerfi gistirkisins rétt til að líta svo á að trygging þess takmarkist ætíð við þá tryggingu sem það veitir umfram trygginguna sem heimaríkið veitir, óháð því hvort heimaríkið greiði í reynd viðbótarbætur fyrir innlánið sem er ótíltækt á yfirráðasvæði gistirkisins.

*III. VIÐAUKI***Skrá yfir lánastofnanir er um getur í 12. gr.**

- a) Sérhæfðir flokkar spænskra lánastofnana, sem nú er verið að skoða að því er lagastöðu þeirra varðar, og eru viðurkenndir sem
- Entidades de Financiación o Factoring,
  - Sociedades de Arrendamiento Financiero,
  - Sociedades de Credito Hipotecario.
- b) Eftirfarandi spænskar ríkislánastofnanir:
- Banco de Credito Agrícola, SA,
  - Banco Hipotecario de España, SA,
  - Banco de Credito Local, SA.
- c) Eftirfarandi grískar samvinnulánastofnanir:
- Samvinnulánastofnunin í Lamia,
  - Samvinnulánastofnunin í Ioannina,
  - Samvinnulánastofnunin í Xylocastron.
- og eftirfarandi samvinnulánastofnanir af svipuðu tagi sem eru viðurkenndar eða verið er að viðurkenna daginn sem tilskipun þessi er samþykkt:
- Samvinnulánastofnunin í Chania,
  - Samvinnulánastofnunin í Iraklion,
  - Samvinnulánastofnunin í Magnissia,
  - Samvinnulánastofnunin í Larissa,
  - Samvinnulánastofnunin í Patras,
  - Samvinnulánastofnunin í Þessalóníku.
-